

GJALDSKRÁ
fyrir fráveitu á veitusvæði
Orkuveitu Reykjavíkur – vatns- og fráveitu, Borgarbyggð.

Félagsfundur Orkuveitu Reykjavíkur – vatns og fráveitu hefur samþykkt eftirfarandi gjaldskrá fyrir fráveitu og birtir hana í umboði byggðarráðs Borgarbyggðar:

| Sveitarfélag | Fast gjald kr./matseiningu | Breytilegt gjald kr./fermetra |
|------------------------------|-------------------------------|----------------------------------|
| Veitusvæði III – Borgarbyggð | 16.247 | 627,00 |

Heimilt er að innheimta fráveitugjald af öllum fasteignum þar sem tenging er fyrir hendi við mörk fasteignar. Fráveitugjald samanstendur af fastagjaldi á hverja matseiningu og fermetragjaldi eftir stærð samkvæmt fasteignamati. Heimilt er að reiknað sé af flatarmáli allra mannvirkja á fasteign.

Heimilt er Orkuveitu Reykjavíkur – vatns- og fráveitu sf. að gjalfella álagningu ársins verði greiðslufall á einum eða fleiri reikningum vegna álagningarinnar.

Heimilt er að innheimta sérstakt aukagjald ef frárennslí frá gjaldskyldum aðila er svo mengað að það leiði til sérstakra aðgerða fráveitunnar, svo sem sértaekrar hreinsunar eða breytinga í kerfinu. Er þá innheimtur raunkostnaður sem hlýst af viðkomandi aðgerð.

Gjaldskrá þessi sem er sett í samræmi við lög um uppbyggingu og rekstur fráveitna nr. 9/2009 og reglugerð um fráveitur sveitarfélaga nr. 982/2010 öðlast gildi 1. janúar 2023. Jafnframt fellur úr gildi gjaldskrá sama efnis nr. 1565/2021.

Reykjavík, 13. desember 2022.

F.h. Orkuveitu Reykjavíkur – vatns- og fráveitu sf.,

Sólrún Kristjánsdóttir framkvæmdastýra Veitna.

B-deild – Útgáfudagur: 28. desember 2022